

Fimmtudaginn 29. júní 1995.

Nr. 349/1994.

Bjarni Jónasson

gegn

félagsmálaráðherra og**fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Stjórnsýsla. Gögn. Pagnarskylda. Málefni fatlaðra. Skriflegur málflutningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1994 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar. Hann krefst þess, að félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins verði dæmdur til að afhenda áfrýjanda skýrslur þær, dagsettar 15. júlí og 6. október 1987, sem Anna Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson unnu fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að því marki, sem þær varða áfrýjanda, þar með talin viðtöl, sem skýrslunum fylgdu, einnig, að stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða sér 100.000 krónur með dráttarvöxtum frá 3. apríl 1993 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 1. mgr. 181. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 38/1994, er mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur nú fengið í hendur fyrrgreindar skýrslur að því marki, sem þær varða hann. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er á því byggt, að ekkert af því, er afmáð var í seinni hluta skýrslunnar frá 6. október 1987, varði áfrýjanda. Við því mati verður ekki hróflað. Stendur þá eftir úrlausn um, hvort áfrýjandi eigi að fá í hendur skráð viðtöl þeirra Önnu Karinar og Brynjars við starfsmenn og öryrkja á hinum verndaða vinnustað, er fram fóru í júní og júlí 1987.

Lög nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, sbr. nú lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, taka samkvæmt efni sínu ekki til umræddra viðtala við starfsfólk Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum sumarið 1987, er fram fóru vegna samskiptaörðugleika á vinnustaðnum. Viðmælendum var heitið því, að viðtöl þeirra við Önnu Karin og Brynjar yrðu trúnaðarmál þeirra og stjórnar Verndaðs vinnustaðar. Til þeirra tilvika tekur jafnframt 42. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, sbr. nú 54. gr. laga nr. 59/1992 um sama efni. Þegar virt er, að áfrýjandi hefur nú fengið í hendur umkrafaðar skýrslur Önnu Karinar og Brynjars að því marki, að varði hann, þykja hagsmunir viðmælenda þeirra eiga að ráða því, að áfrýjanda verði synjað um hin skráðu viðtöl.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram gögn til stuðnings bótakröfu sinni. Líta verður svo á, að í henni felist krafa um kostnað vegna reksturs málsins. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar tvennar skýrslur, sem félagsráðgjafi og sálfræðingur í Vestmannaeyjum gerðu í júlí og október 1987 um málefni Kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar, Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum. Er það stofnun fyrir fatlaða, sem féll undir 10. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, sbr. nú 9. gr. laga nr. 59/1992 um sama efni, og starfaði eftir þeim lögum og reglugerð nr. 329/1983 um verndaða vinnustaði svo og eigin samþykktum. Yfir henni var sérstök stjórn, sem félagsmálaráðherra skipaði eftir tilnefningum Vestmannaeyjabæjar og þeirra samtaka, er ásamt hon-

um höfðu komið stofnuninni á fót. Hafði hún ráðið áfrýjanda sem framkvæmdastjóra. Skýrslugerðin fór fram að beiðni þessarar stjórnar og fyrir tilhlutan svæðisstjórnar Suðurlands í málefnum fatlaðra, er hafa átti eftirlit með stofnuninni, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1983. Voru skýrslurnar afhentar stjórn vinnustaðarins, sem í október 1987 fékk ljósrit af þeim í hendur félagsmálaráðuneytinu, er fór með yfirstjórn á málefnum fatlaðra, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1983 og nú 3. gr. laga nr. 59/1992. Skýrslunum fylgdu skráð viðtöl við starfsmenn vinnustaðarins, þ. e. öryrkja, verkstjóra og framkvæmdastjóra, og voru niðurstöður höfunda byggðar á þeim.

Áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að kynna sér skýrslur þessar og tjá sig um efni þeirra, þótt hann ætti trúnaðarstöðu að gegna sem framkvæmdastjóri eða forstöðumaður vinnustaðarins. Honum var sagt upp þessu starfi sínu skömmu eftir afhendingu síðari skýrslunnar, án þess að breyting yrði á þeirri afstöðu. Eftir það gerði hann ítrekaðar tilraunir til að fá í hendur eintak af skýrslunum eða aðgang að þeim, fyrst með málaleitan til skýrsluhöfunda og stjórnar vinnustaðarins og síðan til ráðuneytisins, en án árangurs. Í framhaldi af kvörtun áfrýjanda til umboðsmanns Alþingis 2. ágúst 1988 og álitum umboðsmanns 30. júní 1989 afhenti ráðuneytið áfrýjanda eintak af skýrslunum sjálfum í nokkrum áföngum. Sú afhending hófst þó ekki fyrr en með bréfi 7. maí 1990, eftir að áfrýjanda hafði mistekist áfrýjun á úrskurði fógætaréttar Vestmannaeyja 22. júní 1988, þar sem synjað var beiðni hans 6. sama mánaðar um innsetningu í skýrslurnar. Var því máli vísað frá Hæstarétti með dómi 30. mars 1990 vegna galla á málskotinu. Síðast var áfrýjanda afhentur seinni hluti síðari skýrslunnar eftir þingfestingu máls þessa í héraði, þegar stefndu lögðu þar fram greinargerð sína 3. júní 1993. Hafði hluti textans þar verið máður út, en á síðara dómþingi sýndu stefndu dómara málsins skjalið óstytt í trúnaði. Fyrrgreind viðtöl voru hins vegar ekki afhent.

Í héraðsdómi eru raktar helstu ástæður þess, að skýrslurnar voru samdar. Meðal efnis þeirra er að finna frásagnir af framkomu áfrýjanda og viðhorfum í samskiptum við starfsmenn vinnustaðarins og álitum þeirra á honum, ásamt staðhæfingum um markmið hans sem framkvæmdastjóra og rækslu á þeim starfa. Þær greina einnig frá

viðtölum við hann og ýmsum svörum hans við spurningum skýrsluhöfunda.

Í máli þessu þarf ekki að leysa úr því, hvort skýrslurnar hafi raskað hagsmunum áfrýjanda með einhverju móti, heldur varðar það aðeins afhendingu þeirra til hans. Reisir hann kröfur sínar á því, að skýrslurnar hafi komist í vörslur félagsmálaráðuneytisins, er jafnframt sé æðsta stjórnvald, sem stofnunin heyri undir, og þeirra hafi verið aflað af aðila, er starfi í skjóli laga um málefni fatlaðra. Viðurkenna bar samkvæmt almenntri meginreglu laga, að hann ætti rétt á því gagnvart ráðuneytinu að fá að kynna sér þessi gögn, er vörðuðu hann sérstaklega með fyrrgreindum hætti. Um samanburð í því efni mátti meðal annars líta til IV. kafla laga nr. 38/1985, sem í gildi voru á þeim tíma, er afhendingar var krafist, þótt ákvæði laganna ættu ekki beint við að því leyti, að skýrslutakan var ekki þáttur í kerfisbundinni skráningu upplýsinga. Synjun ráðuneytisins í upphafi á erindi hans var því ólöglegt.

Sem fyrr segir, hefur áfrýjandi nú fengið skýrslurnar í hendur að mestum hluta, og er það mat héraðsdómara, að hinn afmáði texti, er á vantar, varði hann ekki með þeim hætti, að afhending cigi við. Er rétt eftir atvikum að una því mati með skírskotun til fyrrgreindrar meginreglu. Telja verður, að skýrslurnar sjálfar skipti áfrýjanda meira máli en viðtölin, er fylgdu þeim sem stuðningsgögn. Um þau verður að líta til þeirra starfsmanna vinnustaðarins, sem rætt var við. Af hálfu skýrsluhöfunda var þeim heitið fullum trúnaði um efni viðtalanna, en afhendingar verður þó ekki synjað vegna þess eins. Ekki verður heldur á það fallist, að ákvæði um þagnarskyldu í 42. gr. laga nr. 41/1983, sbr. nú 54. gr. laga nr. 59/1992, ráði neinum úrslitum gagnvart áfrýjanda, sem var sjálfur í trúnaðarstöðu gagnvart starfsfólkinu og stofnuninni og háður þessari skyldu. Svipuðu máli gegnir um þá hagsmuni hins opinbera varðandi rekstur vinnustaðarins, sem stefndu hafa vitnað til. Þegar litið er til hlutverks stofnunarinnar og stöðu starfsmanna, verða hagsmunir þeirra sjálfra af verndun ummæla sinna hins vegar að teljast svo mikilvægir, að réttur áfrýjanda þurfi að víkja fyrir þeim. Hefur hann í málinu ekki sýnt fram á svo ríka eða sérstaka þörf á könnun þess, sem skráð var, að efni séu til annarrar niðurstöðu. Er ég þannig samþykkur því, að

sýkna beri stefnda félagsmálaráðherra af kröfu áfrýjanda um afhendingu skjala.

Kröfu sína um skaðabætur úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir áfrýjandi vegna fjármuna þeirra og fyrirhafnar, sem hann hafi þurft að verja til að afla aðgangs að skýrslunum. Er hún ekk studd gögnum, en auðsætt er, að hann hefur beðið umtalsvert tjón að þessu leyti fyrir það, að upplýsingaskyldu hlutaðeigandi aðila var ekki sinnt með lögmætum hætti, án þess að það teljist til kostnaðar af máli þessu. Það leysir félagsmálaráðuneytið ekki undan bótaskyldu, að viðbrögð þess við erindum áfrýjanda mótuðust að nokkru af tilliti til óska stjórnar vinnustaðarins. Fjárhæð kröfunnar, 100.000 krónur, virðist ekki úr hófi, þegar litið er til þess, hve langt er síðan fyrst reyndi á upplýsingaskylduna. Er þannig rétt, að hún verði tekin til greina án vaxta, en með dráttarvöxtum frá uppsögu dóms í Hæstarétti. Jafnframt verði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gert að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað með stefnu birtri 7. apríl sl.

Stefnandi er Bjarni Jónasson, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum.

Stefndu eru Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og Friðrik Sophusson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að félagsmálaráðherra verði f. h. félagsmálaráðuneytisins dæmdur til að afhenda stefnanda skýrslur þær, dagsettar 15. júlí og 6. október 1987, sem Anna Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson sálfræðingur unnu fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, að því marki, sem þær varða stefnanda, þar með talin viðtöl, sem skýrslunum fylgdu.

2. Að stefndi fjármálaráðherra verði dæmdur f. h. ríkissjóðs til að greiða stefnanda 100.000 kr. vegna fjárhagstjóns, sem stefnandi hafi haft af tilraunum sínum til að fá afhent gögn þau, sem um ræðir í 1. kröfulið.

3. Að stefndi fjármálaráðherra verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Í upphafi krafðist stefnandi einnig afhendingar ársreiknings Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum fyrir árið 1987 auk miskabóta. Í þinghaldi 3. júní sl. lagði lögmaður stefnda fram umræddan ársreikning auk seinni hluta

skýrslu Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar, er fylgdi bréfi þeirra til stjórnar verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, dagsettu 6. október 1987. Er skýrsla þessi með eyðum, hvað varðar aðra menn en stefnanda. Féll stefnandi frá kröfum sínum um afhendingu ársreikninganna og miskabætur í þinghaldi 1. nóvember sl.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara krefjast stefndu, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

II.

Stefnandi máls þessa var ráðinn framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á stjórnarfundi 13. febrúar 1984, en um þær mundir var verið að setja á laggirnar Kertaverksmiðjuna Heimaey að Faxastíg 46 þar í bæ í anda laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Vorið 1987 fékk svæðisstjórn Suðurlands um málefni fatlaðra vitneskju um margvíslega örðugleika í samskiptum starfsmanna á framangreindum vinnustað. Fóru tveir starfsmenn stjórnarinnar til Vestmannaeyja að kynna sér ástandið. Var rætt við verkstjóra, framkvæmdastjóra (stefnanda) og stjórn vinnustaðarins og einnig bæjarstjórn Vestmannaeyja sem og félagsmálastjóra og sálfræðing hjá Vestmannaeyjabæ. Í niðurstöðum skýrslu svæðisstjórnar Suðurlands segir m. a.:

„Vantraust og óánægja brýst áberandi fram gagnvart framkvæmdastjóra, sem virðist ekki hafa tekist að virkja hóp hinna fötluðu til samstöðu og samstarfs. Gagnkvæmt vantraust virðist milli framkvæmdastjóra og stjórnar, sem ekki virðist hafa fylgst með sem skyldi eða veitt framkvæmdastjóra það aðhald og þann stuðning, sem hefur þurft í upphafi við að marka þessum vinnustað verksvið og markmið.“

Í framhaldi af skýrslu þessari var haldinn sameiginlegur fundur með svæðisstjórn Suðurlands og stjórn vinnustaðarins, og varð niðurstaða fundarins m. a. sú, að þau Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi og Brynjar Eiríksson sálfræðingur yrðu fengin til þess að vera ráðgefandi um innra starf, bæði um samskipti almennt milli starfsmanna og milli þeirra og yfirmanna, svo og við mat og endurmat á störfum fatlaðra og markmiðum með dvöl þeirra á vinnustaðnum.

Í júní og júlí 1987 áttu Anna Karin og Brynjar viðtöl við yfirmenn og öryrkja, er störfuðu á vinnustaðnum, og var viðmælendum þeirra heitið því, að viðtölin færu fram í fyllsta trúnaði og öðrum en stjórn og yfirstjórn vinnustaðarins yrði ekki veittur aðgangur að þeim. Skiluðu þau tveimur

skýrslum um störf sín, og er hin fyrri dagsett 15. júlí 1987 og hin síðari 6. október s. á.

Með bréfi 13. október 1987 sagði stjórn vinnustaðarins stefnanda upp störfum frá og með 1. nóvember 1987, og skyldi hann hætta störfum 31. janúar 1988.

Stefnandi reyndi að fá umræddar skýrslur hjá þeim Önnu Karin og Brynjari, en var neitað um það með bréfi 16. maí 1988 á þeirri forsendu, að þær hefðu verið unnar fyrir stjórn vinnustaðarins og því eign hennar. Hefðu viðtölin verið á grundvelli yfirlýsingar þess efnis, að enginn fengi aðgang að þeim upplýsingum, sem safnað yrði, nema yfirstjórn vinnustaðarins (stjórn, svæðisstjórn og e. t. v. ráðuneytið). Stefnandi leitaði einnig eftir því við stjórn vinnustaðarins að fá skýrslurnar afhentar, en var synjað um það á þeim grundvelli, að þær fjölluðu um viðkvæm einkamál.

Stefnandi sneri sér til umboðsmanns Alþingis með kvörtun, dagsettri 2. ágúst 1988, og kvartaði undan því, að sér hefði verið neitað um aðgang að ofangreindum skýrslum. Taldi stefnandi, að skýrslurnar geymdu persónulegar upplýsingar um sig, sem fengnar hefðu verið með samtölum við þann hluta starfsfólks vinnustaðarins, sem bæri til sín óvildarhug. Stefnandi taldi enn fremur, að skýrslunnar hefði verið aflað gegn vilja sínum og að sér hefði ekki verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hélt stefnandi því fram, að skýrslurnar hefðu verið lagðar til grundvallar uppsögn sinni 13. október 1987.

Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, dagsettri 30. júní 1989, kemur m. a. fram, að skýrslur þær, sem stefnandi krefst að fá afhentar sér í máli þessu, hefðu m. a. að geyma frásagnir af því, hvernig stefnandi hafi komið fram í samskiptum sínum við starfsmenn og hver viðhorf hafi þar komið fram af hans hálfu. Einnig væru þar staðhæfingar um, hvaða sjónarmiðum stefnandi hefði fylgt í starfi og hvernig hann hefði rækt störf sín. Greint væri frá áliti starfsfólks á stefnanda og loks sagt frá ýmsum svörum stefnanda við spurningum skýrsluhöfunda. Ekki lægi fyrir, hvort eða hve miklu máli umræddar skýrslur skiptu, er ákveðið var að segja stefnanda upp störfum, en ljóst væri hins vegar, að þær geymdu upplýsingar og staðhæfingar, er vörðuðu viðhorf, framkomu og störf stefnanda, auk ýmissa annarra atriða. Væri að dómi umboðsmanns Alþingis ótækt, að stjórnvöld öfluðu og varðveittu slíkar upplýsingar um einn einstakling alveg sérstaklega, án þess að sá einstaklingur ætti þess kost að kynna sér þær. Gætu einstaklingar oft átt augljósa hagsmuni af því að fá slíkum upplýsingum hnekkð eða gefa af sinni hálfu skýringar, sem slíkar upplýsingar gæfu tilefni til. Hlyti meginreglan því að vera sú, að einstaklingar gætu krafist þess að fá að kynna sér gögn,

sem eru í vörslum stjórnvalda og varða þá alveg sérstaklega með þeim hætti, er lýst hefði verið. Kæmi þessi meginregla fram í lögum frá síðari árum, sbr. IV. kafla laga nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988.

Var niðurstaða umboðsmanns Alþingis sú, að skylt væri að afhenda stefnanda skýrslur þær, sem ræðir um í máli þessu, að því leyti, sem þær vörðuðu stefnanda. Hefði ekki komið fram, að rétt væri að takmarka rétt stefnanda til að kynna sér þær af tilliti til mikilvægra hagsmuna opinberra aðila eða einkaaðila. Væri stefnanda heimilt að beina þeirri kröfu að félagsmálaráðuneytinu, þar sem eintök af skýrslunum væru í vörslum þess og skýrslunnar hefði verið aflað af aðila, sem starfaði í skjóli laga nr. 41/1983.

III.

1. Til stuðnings kröfu sinni um afhendingu skýrslna þeirra Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar, sem að framan greinir, vísar stefnandi til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, sem rakin er hér að framan, og gerir stefnandi niðurstöðu hans að sínum rökum í máli þessu.

Kröfu um bætur fyrir fjárhagstjón reisir stefnandi á því, að hann hafi eytt tíma sínum og fjármunum vegna tilrauna sinna til að fá að kynna sér fyrrgreind gögn, sem lögð hafi verið til grundvallar, er honum var sagt upp störfum.

2. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að engan veginn verði séð, að ákvæði laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989, um kerfisbundna skráningu einkamálefna geti skotið beint stoð undir kröfu stefnanda um afhendingu viðtala þeirra við öryrkja á Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, sem stefnandi krefst afhendingar á. Skýrslurnar og þau viðtöl, sem þau vísa til, hafi ekki verið teknar saman sem hluti af kerfisbundinni skráningu í skilningi 1. gr. laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989. Tilefni þess, að upplýsingarnar voru teknar saman og unnar upp í skýrslu, sé ákveðið einstakt tilvik, þ. e. a. s. vandkvæði, sem upp hafi verið komin í samskiptum manna í millum á þessum verndaða vinnustað. Hafi þessum upplýsingum verið ætlað það markmið að greina vandann og finna leiðir til að bæta vinnustaðinn og liðan öryrkjanna, sem þar vinna, svo að starfsemin gegndi því hlutverki, sem slíkur stofnunum sé ætlað lögum samkvæmt. Ekki sé fallist á það með umboðsmanni Alþingis, að í reglum IV. kafla laga nr. 39/1985 og 16. gr. læknalaga nr. 53/1988 komi fram slíkt löggjafarviðhorf, að af þeim verði dregnar meginreglur um rétt manna til að kynna sér almennt upplýsingar, sem til eru um þá hjá stjórnsýslunni, og að stjórnvöldum sé almennt óheimilt að lofa trúnaði við upplýsingagjöf, nema sérstaklega standi á. Slík af-

menn meginregla hafi ekki verið tíðkuð í íslenskri dómaframkvæmd, og dómstólar hafi þvert á móti játað viðtækri þagnar- og trúnaðarkvöð utan vébanda sérreglna um það efni. Stefndu mótmæla því, að skýrslurnar hafi verið teknar saman af annarlegum hvötum í því skyni að afla upplýsinga um stefnanda til að koma á hann höggi og að hann hafi ekki átt þess kos að tjá sig, áður en þær voru teknar saman. Við hann hafi verið rætt eins og aðra. Hafi öllum viðmælendum verið ljóst tilefni og markmið starfs þeirra Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar og þeir fallist á að veita skýrsluhöfundum upplýsingar gegn fyllsta trúnaði. Á vernduðum vinnustað starfi fólk, sem sökum andlegra og líkamlegra örkuðla sinna er ekki tilbúið til starfa á almennum vinnustöðum. Í slíkri starfsemi sé hætt við því, að vanmáttur starfsmanna leiði til þess, að þeir telji sig sérstaklega háða velvild yfirmanna sinna og séu einfaldlega af ótta ófúsir til að greina hrein-skilnislega frá stöðu sinni og aðstöðu á vinnustað af ótta við að baka sér reiði og óvild, er kynni að koma niður á afkomu þeirra og líðan. Lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983, sbr. nú lög nr. 52/1992, viðurkenni mikilvægi virks eftirlits með stofnunum fatlaðra og nauðsyn þagnarskyldu í þeirri starfsemi. Í 42. gr. laga nr. 41/1983 sé einmitt lagt fyrir sérhvern þann, sem starfar samkvæmt þeim lögum, að gæta fyllstu þagmælsku um það, sem hann kemst að í starfi sínu, og sama komi fram í lögum nr. 52/1992. Upplýsingar, sem veittar séu vegna eftirlits með stofnunum fatlaðra eða í þágu stjórnunar slíkra stofnana til að tryggja, að vinnustaðurinn starfi í samræmi við markmið sín, séu þar eigi undanskildar. Slíkt eftirlit og starf varði einmitt, hvernig til tekst í hverju einstöku tilviki við að veita hinum fatlaða þá þjálfun og hæfingu, sem stefnt er að í starfsemi stofnunarinnar. Þegar þetta allt sé virt, sé einsýnt, að nauðsyn þagnarverndar hljóti að verða að meta meiri en hugsanlega hagsmuni stefnanda af því að kynna sér almennt þær upplýsingar í viðtölunum, sem varða hann sjálfan.

Stefndu vísa skaðabótakröfu stefnanda algjörlega á bug, hún sé vanreifuð og engin gögn færð henni til stuðnings. Verði ekki annað séð af rökstuðningi fyrir grundvelli hennar en hún lúti að atriðum, sem varði kostnað af undirbúningi málareksturs þessa. Verði lagagrundvelli hennar því ekki fundinn staður nema í reglum um málskostnað.

IV.

Svo sem rakið hefur verið, hóf stefnandi baráttu sína fyrir því að fá afhentar þær skýrslur, sem mál þetta tekur til, eftir starfslok sín hjá Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum 31. janúar 1988. Í upphafi var stefnanda neitað um nokkurn aðgang að skýrslunum, en hann hefur síðan í áföngum fengið skýrslurnar í hendur að því marki, sem þær varða hann. Síðast á

dómpingi 3. júní sl. Eftir stendur þá sú krafa stefnanda að fá afhent viðtöl þau við starfsmenn og öryrkja á Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum að því leyti, sem þau varða hann, en viðtöl þessi fylgdu síðari skýrslu Önnu Karinar Júlíussen félagsráðgjafa og Brynjars Eiríkssonar sálfræðings til stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum.

Fram er komið í málinu, að þau Anna Karin og Brynjar hétu starfsmönnum og öryrkjum fyllsta trúnaði um, að þær upplýsingar, sem fram kæmu í viðtölum við þá, yrðu eigi lagðar fyrir aðra en yfirstjórn hins verndaða vinnustaðar. Það er skoðun dómsins, að með viðtölunum hafi eigi verið um að ræða kerfisbundna skráningu einkamálefna af hálfu ofangreindra sérfræðinga í skilningi laga nr. 39/1985, sbr. nú lög nr. 121/1989, heldur hafi þau verið hluti af upplýsingaöflun þeirra í þeim tilgangi að greina á faglegan hátt þann vanda, sem fullljóst þykir, að til hafi verið að dreifa á nefndum vinnustað.

Þá er það álit dómsins, að eins og málið er lagt fyrir dóminn, hafi brýna nauðsyn borið til þeirra aðgerða, sem svæðisstjórn Suðurlands greip til með ráðningu fyrrnefndra sérfræðinga, þar sem slík vandkvæði voru orðin á samskiptum manna á nefndum vinnustað, að í óefni var komið. Upplýst þykir, að bæði starfsmenn og öryrkjar hefðu alls ekki fallist á að ræða ástandið á vinnustaðnum og þar með einstakar persónur, væri þeim ekki heitið fullum trúnaði af hálfu sérfræðinga þeirra, sem við þá ræddu.

Pegar allt framangreint er virt, verður að telja, að setja verði hagsmuni þeirra einstaklinga, sem heitið var trúnaði, og þá hagsmuni hins opinbera að geta á viðunandi hátt haldið úti þeirri starfsemi fyrir fatlaða, sem hér um ræðir, ofar hagsmunum stefnanda að fá afhent umrædd viðtöl við starfsmenn og öryrkja á nefndum vinnustað. Ber af þeim sökum að sýkna stefndu, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.